



**Fundargerð 418. fundar í ÞVN
18. september 2015**

Fundur haldinn í starfsmannahúsinu á Þingvöllum, föstudaginn 18. september 2015 kl. 13.00. Fundinn sátu Sigrún Magnúsdóttir formaður, Svandís Svavarsdóttir, Oddný Harðardóttir, Haraldur Einarsson, Róbert Marshall og Birgir Ármannsson.

Fundinn sátu einnig Ólafur Örn Haraldsson þjóðgarðsvörður, Hildur Hafsteinsdóttir skrifstofustjóri og Hrefna Jónsdóttir sem ritaði fundargerð. Einar Á. Sæmundsen sat fyrsta dagskrárlið.

Formaður setti fund og stýrði:

1. Teikningar að stækkun Gestastofu, 800 fm.

Einar Á. Sæmundsen kynnti stækkun á Gestastofu sem hannaðar eru af Glámu-Kím. Stækkunin er fjórföldun á núverandi húsnæði. Framkvæmdasýsla ríkisins heldur utan um framkvæmdirnar en lögð er áherslu á að byggingin standist umhverfisvottun. Útboðstími mun taka 2-3 mánuði.

Nefndarmenn óska eftir að sjá þrívíddarteikningu af Gestastofunni.

2. Fjárhagsstaða þjóðgarðsins

Rekstur þjóðgarðsins kynntur, en útlit er fyrir að rekstrarafkoma ársins verði innan heimilda. Greint var frá þróun sértekna.

3. Fjárhagsstaða framkvæmda

Þjóðgarðurinn fékk 156.5 mkr. í uppbyggingu innviða í þjóðgarðinum.

Staðan í dag er sú að 11 verkum af 20 er að ljúka eða er lokið.

Fyrirsjáanlegt er að öllum verkefnum verði lokið þann 31. desember 2015.

4. Leigusamningur vegna söluskála á Leirum

Þjóðgarðsvörður upplýsti að undanfarin þrjú ár hefur leigusamningur við Þóru Einarsdóttur, Kárastöðum, um söluskálann á Leirum verið framlengdur um eitt ár í senn. Þóra hefur nú óskað eftir framlengingu á leigusamningnum og fellst þingvallanefnd á tillögu þjóðgarðsvarðar að framlengja samninginn nú um eitt ár.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 14.45.